

## Samþykki vegna myndatöku, myndbandsupptöku og birtingu myndefnis

Nafn og kennitala barns \_\_\_\_\_

Nafn, kennitala og símanúmer forsjárforeldris \_\_\_\_\_

Nafn, kennitala og símanúmer forsjárforeldris \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_ (nafn kirkju) /Þjóðkirkjan – Biskupsstofa, starfar á grundvelli laga um stöðu, stjórn og starfshætti Þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, annarra skyldra laga, starfsreglna og reglugerða sem eiga sér stoð í lögum.

Sem liður í kirkjulegu starfi eru gjarnan teknar myndir eða myndbönd úr kirkjustarfinu, en tilgangur slíkrar vinnslu er að vekja athygli á því starfi sem fram fer innan kirkjunnar. \_\_\_\_\_ (nafn kirkju) /kirkjan er ábyrgðaraðili vinnslunnar og fylgir lögum nr. 90/2018, um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, við alla vinnslu myndefnis (framvegis nefnd persónuverndarlög). Sé efni birt á vefsíðunni [www.kirkjan.is](http://www.kirkjan.is), er Biskupsstofa einnig ábyrgðaraðili varðandi þá birtingu og fylgir þá ákvæðum sömu laga. Þjóðkirkjan hefur samþykkt persónuverndarstefnu sem finna má neðst á heimasíðu kirkjunnar, [www.kirkjan.is](http://www.kirkjan.is).

Myndefni sem unnið er á vegum [Þjóðkirkjunnar - Biskupsstofu/\(nafn kirkju\)](#) eru birtar á heimasíðu kirkjunnar, heimasíðu Þjóðkirkjunnar [www.kirkjan.is](http://www.kirkjan.is), í fréttabréfum og eftir atvikum á samfélagsmiðlum. Vakin er athygli á því að kirkjan setur þó ekki lengur myndefni af börnum á samfélagsmiðla.

Með undirritun á samþykki þetta lýsa forsjáraðilar yfir samþykki fyrir slíkri vinnslu í samræmi við ákvæði persónuverndarlaga. Samþykkið gildir meðan barnið er í æskulýðsstarfi/ttt-starfi/kórastarfi hjá \_\_\_\_\_ (nafn kirkju).

Heimilt er að draga gefið samþykki til baka hvenær sem er, skal það gert með skriflegum hætti. Afturköllun samþykkis hefur þó ekki áhrif á lögmæti vinnslu sem heimiluð er á grundvelli samþykkis fram að afturkölluninni, sbr. 3. mgr. 10. gr. persónuverndarlaga.

Miðað er við að börn, eldri en 12 ára, þurfi sjálf að veita samþykki fyrir vinnslu myndefnis og eru foreldrar því beðnir um að ræða samþykki þetta og fara yfir með barni sínu. Ekki skal haka við atriði hér að neðan sé barnið ósammála foreldri sínu.

Samþykki þetta er ekki skilyrði fyrir því að geta tekið þátt í kórastarfi/æskulýðsstarfi/ttt-starfi/fermingarstarfi (nafn kirkju)

Reglur okkar um vinnslu myndefnis fela í sér:

- 1) Að við munum að meginstefnu til ekki tilgreina nafn eða aðrar upplýsingar um börn eða ungmenni sem birtast á myndefni hjá okkur nema sérstakt tilefni sé til.
- 2) Þegar myndum er deilt á heimasíður er farið vel yfir þær og ávallt gætt sanngirni við myndbirtingar.
- 3) Gæta skal varúðar og nærgætni um allar vinnslur myndefnis. Aldrei skal sýna börn á óviðeigandi hátt.
- 4) Við virðum skoðanir barna á myndefni sem þau varða og berum einstaka myndbirtingar undir þau ef tilefni er til.

Þegar um er að ræða viðburði í kirkjulegu starfi eru gjarnan teknar ljósmyndir eða myndbönd. Slík vinnsla er talin heimil, óháð því hvort samþykkis hafi verið aflað eða ekki.

- |   |                             |                              |
|---|-----------------------------|------------------------------|
| 1. Er heimilt að taka ljósmynd af barninu í daglegum leik og starfi?  | <input type="checkbox"/> Já | <input type="checkbox"/> Nei |
| 2. Er heimilt að taka myndband af barninu í daglegum leik og starfi?  | <input type="checkbox"/> Já | <input type="checkbox"/> Nei |
| 3. Er heimilt að taka myndir af fermingarathöfninni sjálfri?  | <input type="checkbox"/> Já | <input type="checkbox"/> Nei |
| 4. Er heimilt að taka myndir af barninu í fermingarkirtli?  | <input type="checkbox"/> Já | <input type="checkbox"/> Nei |
| 5. Má birta myndefnið á vefsíðu kirkjunnar?   | <input type="checkbox"/> Já | <input type="checkbox"/> Nei |
| 6. Má birta myndefnið á vefsíðu Þjóðkirkjunnar, kirkjan.is?   | <input type="checkbox"/> Já | <input type="checkbox"/> Nei |
| 7. Má miðla myndum eða myndskleiðum, s.s. til fjölmiðla?  | <input type="checkbox"/> Já | <input type="checkbox"/> Nei |
| 8. Má birta myndefnið í fréttabréfum á vegum kirkjunnar?  | <input type="checkbox"/> Já | <input type="checkbox"/> Nei |
| 9. Má birta myndefnið innan veggja kirkjunnar?  | <input type="checkbox"/> Já | <input type="checkbox"/> Nei |
| 10. Má birta myndefnið í tengslum við auglýsingar kirkjunnar, t.d. auglýsingu á fermingunni, æskulýðsstarfi eða kórustarfi? | <input type="checkbox"/> Já | <input type="checkbox"/> Nei |
| <b>11. Samþykkir þú allt ofangreint?</b>  | <input type="checkbox"/> Já | <input type="checkbox"/> Nei |

Staður, dags. \_\_\_\_\_

Undirritun forsjarforeldris/forsjarforeldra \_\_\_\_\_

Undirritun barns \_\_\_\_\_